



Reykholahreppur Maríutróð 5a – Reykhólum 380 Reykhólahreppur  
Sími: 434-7880 fax: 434-7885  
Tölvupóstur: [reykholar@simnet.is](mailto:reykholar@simnet.is) [sveitarstjori@simnet.is](mailto:sveitarstjori@simnet.is)

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/16  
komudagur 27.4.2005/16

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Reykholahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008, 721. mál.**

Reykholahreppur tekur undir ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 15. apríl, þar sem lýst er yfir áhyggjum af áhrifum samgönguáætlunar stjórnvalda fyrir árin 2005-2008 á efnahagslíf á Vestfirðum.

Sú stefna stjórnvalda að draga úr fjárveitingum til vegamála í því skyni að draga úr þenslu í ríkisfjármálum vegna stórframkvæmda í öðrum landshlutum, á ekki við á Vestfirðum. Þensla í ýmsum atvinnugreinum líkt og hefur gerst víða um land hefur ekki náð til svæðisins. Þessu til viðbótar kemur að þrátt fyrir miklar framkvæmdir í endurbótum á vegakerfi Vestfjarða eru enn eftir langir vegakaflar á Vestfjarðavegi nr. 60 með óbundnu slitlagi, ekki síst í vestanverðum Reykholahreppi (Gufudalssveit og Múlasveit). Að auki er Vestfjarðavegur á köflum einn frumstæðasti stofnvegur á öllu Íslandi og þörf á verulegum endurbótum.

Það eru því mikil vonbrigði að sjá að fjárveitingar í Vestfjarðaveg, þ.e. kaflann Svínadalur – Flókalundur, eru einungis með eftirfarandi hætti í samgönguáætlun:

2005	2006	2007	2008
millj.kr.	millj.kr.	millj.kr.	millj.kr.
100	200	375	370

Þörf er á miklu meira fé í þennan kafla til að gera hann sómasamlegan á nýrri öld.

Þá eru sömuleiðis vonbrigði að sjá að ekki er gert ráð fyrir neinni fjárveitingu í Arnkötuldalsveg fyrir en árið 2008 og þá einungis 100 milljónum. Minnt er á að Arnkötuldalsvegur er forsenda samvinnu og hugsanlegrar sameiningar Reykholahrepps og Strandasýslu.

Virðingarfyllt,

Reykholum 26. apríl 2005

Einar Örn Thorlacius  
sveitarstjóri Reykholahrepps